

Nd.

236. Breytingartillögur

[102. mál]

við frv. til l. um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Frá Friðjóni Þórðarsyni, Benedikt Gröndal og Guðmundi Þorsteinssyni.

1. Við 2. gr.

- a. Við F. 2. Liðurinn falli niður.
- b. Liður F. 3 verði F. 2.
- c. Liður F. 4 verði F. 3 og orðist svo:

Skipum, 105 brúttórúmllestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. júní til 31. desember utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvisandi vestur frá Öndverðanesvita að 24°00' v.lg. Að norðan afmarkast svæði þetta af línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvisandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26) og að 24°00' v.lg. Að austan takmarkast svæðið af 24°00' v.lg.

- d. Við bætist nýr liður, sem verður F. 4, svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt að veita frekari togveiðiheimildir en greindar eru í lögum þessum í takmarkaðan tíma og á tilgreindum veiðisvæðum vegna þeirrar sérstöðu, sem er í verstöðvum við Breiðafjörð, að fiskibátar eru flestir undir 105 tonnum að stærð og hafa byggt veiðar á grunnmiðum kringum Snæfellsnes, enda komi til meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar.